


Ólafur Bjarni Halldórsson | 24.02.2014 | 09:46



Stríðið um stóra kampalampa

Við höfum heyrt að Mekka andstöðu við inngöngu Íslands í ESB sé á Sauðárkróki. Eigi það við rök að styðjast þá má með gildum rökum fullyrða að Mekka rækjuiðnaðarins sé á Ísafirði. Uppruninn rekur sig til komu Norðmannsins Simons Olsen til Ísafjarðar snemma á síðustu öld. Brautryðjandinn var þá hæddur fyrir að láta sér detta í hug að eitthvert vit væri að veiða það sem enginn vildi leggja sér til munns fyrirbæri eins og „stóra kampalampa“ sem rækjan var kölluð í þá daga. En Simon gafst ekki upp og stundaði veiðar til hinsta dags þegar hann fórst við veiðar ásamt syni sínum. Kannski eiga við hann orð skáldsins að fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá. En að rækjuvinnslu á Ísafirði í árdaga komu ekki ómerkari menn en Þorvaldur Guðmundsson (Tolli kenndur við Síld og Fisk) og Tryggvi Jónsson í Ora. Nú er stöðu þessa atvinnuvegar í Mekku hans ógnað með væntanlegri löggjöf og skal vikið nánar að því.

Ólafur Bjarni Halldórsson.

Þróunin í hnotskurn

Ekki verður annað sagt en að á átíu árum hafi afkoma rækjuveiða og vinnslu verið mjög sveiflukenn, allt frá miklum uppgangstímum til fjölda gjaldþrota. Ég vil tala um veiðar og vinnslu í sömu andrá því það síðarnefnda gleymist oft. Laust fyrir síðustu aldamót voru starfandi um tuttugu rækjuverksmiðjur í landinu en eru nú sex þar af fimm í Norðvesturkjördæmi en ein á jaðri þess, á Siglufirði. Allir sem til þekkja geta verið sammála um að tímabilið frá síðustu aldamótum fram að bankahruni var þessum iðnaði mjög erfitt og á köflum óbærilegt. Stafaði það bæði af sögulegu lágmarki afurðaverðs og ekki síður af stórkostlegri fölsun á gengi íslensku krónunnar á þessum árum. Framan af var nóg framboð, og á köflum offramboð, á erlendu hráefni en það íslenska af mjög skornum skammti. Nú er ástandið gjörbreytt. Afurðaverð verður að teljast viðunandi í sögulegu samhengi en hráefnisöflun er mikið vandamál. Því er brýnna en nokkru sinni að okkar íslenski stofn verði nýttur sem skynsamlegum hætti og hlúð sé að hráefnisöflun þeirra fáu verksmiðja sem effir eru og skila þjóðarþínu milljarða gjaldeyrisverðmætum og mikilvægum störfum við vinnslu og þjónustu..

Hvaða hagsmunir eiga að ráða ferð?

Það er gjarnan talað um almannahagsmunir í tengslum við fiskveiðistjórn en oft verður ekki betur séð en það hugtak snúist í andhverfu sína þegar einkahagsmunir og almannahagsmunir rekast á og lítil vafi á að það hefur viðhaldið harðvítugum deilum um kerfið frá fyrsta degi. Nú er deilt um hvort skip, sem veiddu rækju með hléum á tímabilinu 1991-2010, mörg lítið eða ekkert síðustu árin, eða þeir sem hafa veitt undanfarin þrjú ár skuli eiga rétt til veiða. Alþingi gengur illa að skera úr deilunni og hefur því kallað til lögspeking á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands til að leggja mat á hugmyndaverk meirihluta Alþingis. Álit undirritað af einum einstaklingi fyrir hönd Lagastofnunar hefur í stuttu máli gefið þeirri hugmynd gæðastimpil að beita svokallaðri 70% og 30% reglu þ.e. að eldri réttihafar njóti 70% veiðiréttinda en þeir sem veitt hafa síðustu þrjú fiskveiðiár 30%. Þessi framsetning hefur mætt mikilli andstöðu hér, stór orð hafa fallið um hæfi álitgjafans og hann á móti hótað málsókn. Fjölmiðillinn B.B. hefur beðist afsökunar á birtingu rangra fullyrðinga um álitgjafa Lagastofnunar..

Hvað þarf til að álitgjafi sé trúverðugur?

Til að álitgjafi geti ætlast til að álit hans sé treyst sem hlutlægu og réttlátu nægir ekki það eitt að starfa í þjónustu virtrar stofnunar eins og Háskóla Íslands. Hann þarf líka að vera alveg laus við hagsmunatengsl bein eða óbein við þá aðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta á hvern veg álitíð fellur. Það getur hver sem er spurt sjálfan sig, þegar Landsamband íslenskra útvegsmanna ákveður árið 2009 að kosta rannsóknir á reglum við fiskveiðistjórnun og réttarstöðu þátttakenda í fiskveiðistjórnunarkerfinu við Lagastofnun Háskóla Íslands, hvort þau fjárútlát hafi eingöngu verið til að efla rannsóknir á verðmætustu náttúruauðlind Íslands. Kostun slíkra samninga af hálfu aðila sem eiga beinna hagsmuna að gæta hlýtur í besta falli að orka tímælis og mjög áleitinn spurning hvort ríkisháskóli eigi að þiggja slíka styrki. Sá aðili sem vann fyrir styrkinn í Háskólanum handvelur tvö dæmi til að réttlæta styrkveitinguna, annað erlent hitt innlent. Skoðun þau.

Dæmi um kostun einkaaðila

Annað dæmið er af bandarískri vefsíðu. Ekki verður séð að þetta dæmi réttlæti styrkveitingar af þessu tagi og er því frekar slöpp röksemd. Þar segir m.a. „Auðvitað getur kostun leitt af sér einhliða sjónarmiða í raunheimi – til dæmis þegar stuðningsaðilinn á hagsmuna að gæta af útkomunni.“ „Lyfjafyrirtæki sem til dæmis greiðir fyrir rannsókn á nýju þunglyndislyfi gæti haft áhrif á framkvæmd rannsóknarinnar eða túlkun á þann veg að á lævisan hátt sé dreginn taumur þess lyfs sem þeir vilja koma á markað.“ „Eins eru næringarrannsóknir styrktar af matvælaíðnaðinum líklegri til að álykta um að mæla með þeirri fæðutegund sem er til skoðunar heldur en rannsókn kostuð af óháðum aðila.“

Ekki mælir þetta með samningi „um kostun LÍÚ á rannsóknum á reglum um fiskveiðistjórnun og réttarstöðu þátttakenda

í fiskveiðistjórnunarkerfum." (Orðalag er bein tilvitnun í samning LÍÚ og Háskóla Íslands).

Innlenda dæmið sem hann vísar til er Rannsóknasetur verslunarinnar sem Háskólinn á Bifröst, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, VR og SVÞ standa að. Það tekur saman hagtölur fyrir ýmis hagsmunasamtök atvinnulífsins t.d. upplýsingar frá bílasölum um sölu notaðra bíla. Varla getur það talist sambærilegt við að LÍÚ styrki rannsóknir á sviði auðlindaréttar. Hvernig sem á það er lítið þá er jafn fráleitt hér, og hvar annars staðar, að stofnun eins og Háskóli Íslands þiggi styrki til auðlindarannsókna þar sem styrkveitandinn hefur beinan hag af hver niðurstaðan er. Það kann vel að vera að viðkomandi fræðimaður hafi alltaf unnið óháð því hvort styrkveitandanum hugnaðist niðurstaðan. Ég hef þó ekki séð eða heyrt mörg álit frá honum sem ganga gegn sjónarmiðum LÍÚ. Kannski hann vilji benda á þau sjálfur, eða hafa þessi samtök alltaf rétt fyrir sér eins og félagi Napóleon í Animal Farm?

Að lokum skilaboð til alþingismanna

Það er vandasamt að setja löggjöf sem gætir fylsta réttlætis, sérstaklega þegar skammta þarf takmörkuð gæði. Hvað varðar rækjuiðnaðinn er þó hægt að setja markmið til að varða veginn. Það er ljóst að rækjuiðnaðurinn ber það ekki í dag að útvegsmenn skattleggi hvern annan með framsölum veiðileyfa. Það er því hægt að fara þá leið að eingöngu þátttakendur í veiðum hafi nýtingarrétt og hann falli niður hlutfallslega innan ársins sé hann ekki nýttur og renni þá sjálfkrafa til þeirra sem eru að stunda veiðar. Það að gefa rétt höfum tækifæri til að veiða brýtur ekki á rétti þeirra.

Það sem er undirliggjandi í 70%, 30% prósent regluverkinu er gífurleg leigustarfsemi sem mun verka eins og lamandi hönd á þá sem afla verðmætanna og gera úr þeim útflutningsverðmæti. Um það er hvergi fjallað í 25 síða álitu sérfræðings í auðlindarétti og væntanlegir leigusalar kjósa að hafa þá umræðu undir yfirborðinu þar til lokið er við að gera þá að fullgildum leigusölum án veiðiskyldu á tegundinni. Rækjuiðnaðurinn hefur ekki efni á slíku og það mun ógna tilveru hans. Þetta er hinn kaldi raunveruleiki hverju svo sem nýskipaðir dósentar við Háskóla Íslands kjósa að halda fram.

Regluverkið þarf að vera skýrt og markvisst þannig að tveir lögspekingar geti ekki túlkað það í gagnstæðar áttir. Það er ekki tryggt að allir tilkallaðir „sérfræðingar“ færi ykkur hlutlægt mat á stöðunni. Það er ykkar hlutverk að sjá til þess að nýtt regluverk bregði ekki fæti fyrir rækjuiðnaðinn sem í dag er mikilvægur hlekkur í atvinnulífi sinna byggða. Þið eruð kjörnir til að standa vörð um almannahagsmunum. Það verður fylgst vel með hvort þið standist prófaunina.

Ólafur Bjarni Halldórsson. Höfundur er útflytjandi sjávarafurða og rak rækjuverksmiðjuna Meleyri á Hvammstanga um árabíl.

Líkar þetta 72 kunna að meta þetta. Vertu fyrst(ur) vinn þinna.

[Til baka](#) - [Prenta grein](#) - [Senda grein](#) - [Senda á Facebook](#)



Bæla við ummælum...

Also post on Facebook

Birta sem Einar Gunnar Einarsson (Breyta)

[Skrifa ummæli](#)



Ásgeir Guðbjörn Överby · Vakta · Virkur í athugasemdum · Hnífsdalur, Vestur-Isafjardarsýsla, Iceland

"Regluverkið þarf að vera skýrt" - Regluverk er óþarft. Kvótakerfið er bölvaldurinn, rækjan er lítil angí af því. - Frá því að kvótakerfið komst á hefur íbúum Vestfjarða stöðugt fækkað, síðar bætti afnám Vestfjarðakjördæmis um betur. Hvaða gagn skyldu Vestfirðingar hafa af þingmanni eins og Gunnari Braga, svo einhver sé nefndur..?

Svara · 4 · Líkar þetta · Vakta innlegg · 24. febrúar kl. 10:17



Henry Bæringsson · Virkur í athugasemdum · Rafvirki hjá Orkubú Vestfjarða ohf
Gaman að lesa greinar eftir Óla. Maður sem þekkir þessa grein inn og út. Öfgalug og málefnalegur í sínum málflytningi.

Svara · 3 · Líkar þetta · Vakta innlegg · fyrir 12 klst. síðan